



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbráut 24
15 - 106 Reykjavík, Ísland

Tel: (+354) 591 2000

Fax: (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Fljótsdalshérað
Jens P. Jansson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 26. júní 2006

Tilvísun: UST20060600139/sf

Deiliskipulag fyrir Sigurðarskála í Kverkfjöllum, Fljótsdalshéraði

Vísað er til erindis Fljótsdalshéraðs, sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti, þar sem óskað er umsgagnar stofnunarinnar um deiliskipulag Sigurðarskála í Kverkfjöllum.

Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi sem fylgdi með framangreindu erindi er gert ráð fyrir að við Sigurðarskála geti risið gestastofa, auk íbúðar fyrir starfsmann. Gestastofan getur verið allt að 90 m² að grunnfleti. Gert er ráð fyrir að tjaldsvæðið verði stækkað til vesturs og norðurs eða í um 2.800 m². Umhverfis það er gert ráð fyrir litlum gististofum allt að 16 m² hver, sem gætu orðið allt að 12 talsins. Þá er gert ráð fyrir allt að 60 m² þjónustuhúsi við norðvesturhorn tjaldsvæðisins. Enn fremur er gert ráð fyrir að bílastæði verði stækkuð og þau afmörkuð með grjóthleðslum. Við grjóthleðslurnar verður komið fyrir upplýsingaskiltum um aðstöðuna og um Kverkfjallasvæðið.

Fyrirhugaðar byggingar og framkvæmdir við Sigurðarskála eru innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá, þ.e. svæðis nr. 613 *Kverkfjöll og Krepputunga*. Í náttúruminjaskrá er eftirfarandi lýsing á svæðinu:

Kverkfjöll og Krepputunga, N-Múlasýslu. (1) Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga. Svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu, allt suður í Vatnajökul. (2) Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum, jarðhiti í Hveradal og Hveragili. Íshellir í sporði Kverkjökuls. Kjörið land til útivistar og náttúruskoðunar.

Fyrir liggur álit samvinnunefndar miðhálandis Íslands þess efnis að deiliskipulagstillagan fyrir Sigurðarskála geti samræmst stefnu svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 og rúmist innan skilgreiningar fyrir skálasvæði. Jafnframt liggur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 2. júní sl. þess efnis að breytingar á þjónustumiðstöðinni Sigurðarskála í Kverkfjöllum séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skulu því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.


Í umsögn sinni um matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda við Sigurðarskála skv. deiliskipulaginu var það niðurstaða Umhverfisstofnunar að umfang breytinganna væri ekki þess eðlis að þær mundu skerða verndargildi þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá eða hafa í

för með sér umtalsverð sjónræn áhrif. Stofnunin benti þó á mikilvægi þess að byggingum verði þannig fyrir komið að hægt verði að fjarlægja þær af staðnum án mikils rasks. Jafnframt vakti stofnunin athygli á að á öll efnistaka á landi er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, en fram kom í tilkynningu um framkvæmdina að fyrirhugað væri að taka örfáa rúmmetra af steypumöl úr áreyrum Jökulsár. Umhverfisstofnun minnir einnig á að skylt er að leggja fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt, sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd, og leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar ef efnistaka er ekki í samræmi við staðfest aðalskipulag, sbr. 47. gr. sömu laga.

Umhverfisstofnun ítrekar framangreindar athugasemdir og ábendingar en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við deiliskiplagstillöguna.

Virðingarfyllst


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Stefán Einarsson
staðgengill forstöðumanns

Afrit: Skipulagsstofnun.